

Kristjana Benediktsdóttir

From: Valbjörn Steingrímsson [valbjorn@hsb.is]
Sent: 27. mars 2012 13:08
To: Nefndasvið umsagnir
Cc: Valbjörn Steingrímsson
Subject: Umsögn um flutning heilsugæslu til sveitarfélaga

*Alþingi
Erindi nr. P 140/1660
komudagur 27.3 2012*

Undirrituðm barst í dag 27. mars beiðni um að veita umsögn um þingsályktunartillögu um flutning heilsugæslu til sveitarfélaga.

Undirritaður mælir með samþykkt tillögunnar.

Helstu rök fyrir þeirri skoðun eru þessi:

Í núverandi lögum er heimild til þessa eins og nefnt er í tillögunni. Umræða hefur því farið fram áður á vegum alþingis og verið samþykkt þar að hafa þennan möguleika opin.

Reynsla af tilraunarverkefnum á Akureyri og á Hornafirði er slík að hvorugt sveitarfélagið vill snúa frá þessari hugmyndafræði, þ.e. nærþjónusta sé rekin af sveitarfélaginu. Einnig má benda á samning um heimahjúkrun í rvk. Ekki gengur að hafa 2 kerfi í landinu um þessnan rekstur. Annaðhvort er að slíta samningum við Akureyri og Hornafjörð eða gera slíka samninga við önnur sveitarfélög. (Samband isl. sveitarfélaga)

Þá má einnig benda á að í umræðu er flutningur á málefnum aldraðra til sveitarfélag og því rétt að taka það skref að flytja heilsugæsluna á sama tíma enda heilsugæslan samofin mjög öldunarmálunum.

Undirritaður hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega bæði með heimsóknum og viðræðum við stjórnendur, fagfólk og sveitarstjórnarmenn á áðurnefndum stöðum, Hornafirði og Akureyri og er það niðurstaða mín að vandlega athuguðu máli að flutningur á heilsugæslu til sveitarfélaga sem og málafiokkurinn „málefni aldraðra“ sé best fyrirkomið hjá sveitarfélagunum.

Kveðja

Valbjörn

Valbjörn Steingrímsson
Forstjóri

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi
k.t. 511297 - 2309
Flúðabakka 2
540 Blönduósi

Valbjörn Steingrímsson
forstjóri
sími 455 4100 og 892 1786
fax: 455 4136
Heimasíða: www.hsb.is
Blönduós

Efni þessa tölvupósts og viðhengja kann að vera trúnaðarmál. Hafi tölvupósturinn ekki verið ætlaður yður heldur borist fyrir misgáning er þess óskað að þér gætið fylgsta trúnaðar, tilkynnið sendanda tafarlaust og eyðið tölvupóstinum. Misbrestur getur varðað bótaábyrgð og refsingu. Sjá nánar lög um fjarskipti nr. 81/2003.

This message including attachments may contain information which is confidential. If you are not the intended recipient and have received the message through mistake, you are kindly requested to treat it in strict confidence and to notify us without delay, as well as to delete the message. Failure may entail civil and criminal liability.